

# INNKAUPAREGLUR HVERAGERÐISBÆJAR

## I. kafli

### Almenn ákvæði

#### 1. gr.

##### Tilgangur

Tilgangur með reglum þessum er að stuðla að vönduðum, hagkvænum og vistvænum innkaupum og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Hveragerðisbær kaupir.

Reglum þessum er ætlað að vera lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 (hér eftir lög um opinber innkaup eða lögin) til fyllingar og útfæra nánar framkvæmd innkaupa hjá sveitarfélaginiu.

#### 2. gr.

##### Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir Hveragerðisbæ og allar stofnanir, deildir og fyrirtæki sem rekin eru af sveitarfélaginiu sbr. ákvæði í lögum um opinber innkaup. Reglurnar taka ekki til fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins, samtaka eða samlaga sem sveitarfélagið á aðild að með öðrum sveitarfélögum, þó að lög um opinber innkaup geti gilt um þau, sbr. 3. gr. laganna.

Reglurnar taka til allra innkaupa sveitarfélagsins. Við innkaup skal enn fremur fylgt lögum um opinber innkaup og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993, sem og öðrum lögum og reglugerðum sem kunna að vera settar og ná til sveitarfélaga.

#### 3. gr.

##### Samningar sem innkaupareglurnar taka til

Innkaupareglur þessar taka til samninga um fjárhagslegt endurgjald sem sveitarfélagið gerir við einn eða fleiri utanaðkomandi aðila og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu vara eða veitingu þjónustu í skilningi laga um opinber innkaup.

#### 4. gr.

##### Samningar undanþegnir ákvæðum innkaupareglunnar

Innkaupareglur þessar taka ekki til samninga sem undanþegnir eru ákvæðum laga um opinber innkaup, s.s.:

- Þjónustusamninga er varða atriði sem tilgreind eru í 11. gr. laga um opinber innkaup. Meðal þeirra eru vinnusamningar, lánnssamningar, samningar um kaup eða leigu á jörðum eða fasteignum, tiltekin fjármála- og lögfræðibjónusta, almannavarnir og tiltekin forvarnaþjónusta, tilteknar rannsóknir og þróun á þjónustu, sbr. nánar ákvæði 11. gr. laganna.
- Samninga aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu, sbr. 9. gr. laga um opinber innkaup. Um slíka samninga gildir reglugerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu.
- Samninga sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar eða sérleyfis, skv. 12. gr. laganna.

- Samninga milli opinberra aðila á grundvelli 13. gr. laganna.
- Þjónustusamninga sem í raun eru styrktarsamningar.

Um opinbera samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu fer skv. 92. gr. laga um opinber innkaup, sbr. reglugerð nr. 1000/2016 um innkaup sem falla undir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu samkvæmt lögum um opinber innkaup.

Að öðru leyti vísast til laga um opinber innkaup.

#### 5. gr.

#### **Meginreglur við innkaup**

Gæta skal jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis við innkaup. Óheimilt er að mismuna aðilum á grundvelli þjóðernis eða takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í innkaupaferli til að tryggja jafnræði.

Það telst ekki andstætt jafnræði að áskilja að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á mállefhnalegum ástæðum.

#### **II. kafli. Ábyrgð, umsjón og eftirfylgni með innkaupum**

#### 6. gr.

#### **Ábyrgð á innkaupum**

Bæjarstjóri ber ábyrgð á innkaupum sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar. Bæjarstjóri ber ábyrgð á að innkaup sviða og stofnana séu í samræmi við innkaupastefnu, innkaupareglur og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á innkaupum sinna stofnana í umboði bæjarstjóra. Bæjarstjóri ber ábyrgð á innkaupum sem heyra undir fleiri en eitt svið.

#### 7. gr.

#### **Umsjón með innkaupum**

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins, sbr. 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Bæjarstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjóra ef svo ber undir.

Forstöðumönnum stofana/sviðsstjórum er heimilt að stofna til útgjalda fyrir hönd sveitarfélagsins innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni og bera þeir ábyrgð á innkaupum sinna stofnana og deilda. Forstöðumenn stofnana/sviðsstjórar geta veitt einstökum starfsmönnum heimild til að stofna til útgjalda. Öllum sem heimild hafa til að stofna til útgjalda ber að staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni innkaupareglina sveitarfélagsins og að þeir muni fylgja þeim við innkaup. Sveitarfélagið heldur skrá yfir þá starfsmenn sem hafa heimild til að stofna til útgjalda og ber skrifstofustjóri ábyrgð á að viðhalda skránni.

Bæjarstjóri hefur yfirumsjón með gerð útboða og samninga á verklegum framkvæmdum sveitarfélagsins.

Bæjarstjóri sér um og hefur frumkvæði að því að samræma innkaup sveitarfélagsins þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins hafa almenn not fyrir.

## **8. gr.**

### **Stuðningur, eftirfylgni og samræming innkaupa**

Bæjarstjóri boðar og stýrir stjórnendafundum og ber ábyrgð á því að innkaupamál séu tekin þar reglulega fyrir með það að markmiði að innkaup séu samræmd og innkaupaþekking forstöðumanna verði efla.

Sviðsstjórar skulu fylgjast með innkaupum, hver á sínu sviði og vera forstöðumönnum til aðstoðar við innkaup og framfylgd innkaupareglina. Þeir skulu stuðla að og fylgjast með samræmingu innkaupa innan sinna sviða.

Skrifstofustjóri sér um að tiltækjar séu upplýsingar um heildarinnkaup, m.a. í samræmi við skilgreinda mælikvarða, og að þær berist viðkomandi forstöðumönnum stofnana/ sviðsstjórum, og öðrum eftir atvikum.

## **III. kafli. Undirbúningur innkaupa**

### **9. gr.**

#### **Mat á þörf fyrir innkaup**

Áður en ákvörðun er tekin um innkaup, útboð undirbúið eða samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu, skal greina þörfina fyrir innkaup. Mikilvægt er að það sé gert í samráði við væntanlega notendur og jafnframt íhugað hvort þörfin verði uppfyllt eftir öðrum leiðum, s.s. með breyttu vinnulagi, endurnýtingu, þjónustu eða á annan hátt.

### **10. gr.**

#### **Skilgreining innkaupa og upplýsingagjöf**

Skilgreina skal vel það sem á að kaupa. Þar sem seljendum er gefið svigrúm til að útvega vöru eða þjónustu, eða til að framkvæma verk, skulu þarfir sveitarfélagsins skilgreindar nákvæmlega og þau skilyrði sem vara, verk eða þjónusta á að uppfylla. Setja skal fram forsendur um gæði og umhverfisáhrif eins og kostur er.

Við innkaup og innkaupapöntun skal enn fremur tilgreina hver pantar, hvaða svið eða stofnun viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir og önnur þau atriði sem máli skipta.

### **11. gr.**

#### **Val á aðferð við innkaup**

Áður en ákvörðun er tekin um innkaupaaðferðir og samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu, skal lagt mat á hvaða aðferð henti við innkaupin, með tilliti til eðlis og umfangs þeirra, sbr. einnig önnur ákvæði reglna þessara. Bæjarstjóri veitir leiðbeiningar um innkaup sveitarfélagsins.

Við innkaup samkvæmt reglum þessum skal einkum nota eftirfarandi aðferðir:

- Verðfyrirspurn
- Almennt útboð

Að höfðu samráði við bæjarstjóra er heimilt að viðhafa aðrar innkaupaaðferðir sem lýst er í IV. kafla laga um opinber innkaup sé það talið líklegra til árangurs.

## **12. gr.**

### **Viðmiðunarfjárhæðir**

Þegar áætlað virði samnings er á eftifarandi verðbili er skylt að viðhafa verðfyrirspurn:

Kaup á vörum og þjónustu	1.000.000 – 15.500.000 kr.
Verksamningar	15.500.000 – 49.000.000 kr.

Þegar áætlað virði samnings fer yfir eftifarandi fjárhæð er skylt að viðhafa útboð innanlands sbr. III. kafla laga um opinber innkaup:

Kaup á vörum og þjónustu	15.500.000 kr.
Verksamningar	49.000.000 kr.

Þegar áætlað virði samninga fer yfir eftifarandi fjárhæð er skylt að viðhafa útboð á Evrópska efnahagssvæðinu:

Vöru- og þjónustusamningar	28.752.100 kr.
Verksamningar	721.794.800 kr.

Allar viðmiðunarfjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Viðmiðunarfjárhæðir skv. þessi grein, bæði innanlands og á EES svæðinu, fara eftir lögum um opinber innkaup og reglugerðum settum skv. þeim.

## **13. gr.**

### **Útreikningur á virði samninga og skipting innkaupa**

Við útreikning á áætluðu virði samnings skal fara eftir III. kafla laga um opinber innkaup.

Mikilvægt er við útreikning að tekið sé tillit til áætlaðra heildarfjárhæðar innkaupa allra sviða, deilda eða stofnana sveitarfélagsins, nema þær beri sjálfstæða ábyrgð á innkaupum sínum eða tilteknum tegundum þeirra.

Útreikningur skal miðast við þann tíma þegar útboðsauglýsing er send til opinberrar birtingar eða þegar sveitarfélagið hefst handa við innkaupaferli við þær aðstæður að ekki er skylt að tilkynna opinberlega um innkaup.

Óheimilt er að gera ótímbundna samninga.

## **14. gr.**

### **Verðfyrirspurn**

Verðfyrirspurnir skulu vera skriflegar og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með tölvupósti.

Fyrirspurnir skulu að lágmarki sendar til þriggja aðila.

Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forendum en verði einu saman. Samanburðarskjall verðupplýsinga skal gert og þátttakendur skulu upplýstir um val á viðsemjanda.

**15. gr.**

**Undantekningar frá fyrirspurn og útboði**

Bæjarstjóra er heimilt að veita undanþágu frá verðfyrirspurn ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður eða þjónusta fæst eingöngu hjá einum aðila. Skulu slíkar undanþágur vera í samræmi við lög um opinber innkaup.

**IV. kafli. Framkvæmd og eftirfylgni**

**16. gr.**

**Meðferð reikninga vegna innkaupa**

Allir samningar um innkaup á verkum, vöru og þjónustu skulu vera skriflegir og skal skýrt kveðið á um reikningsgerð og greiðslutilhögun.

**17. gr.**

**Mælikvarðar og endurmat**

Bæjarstjóri setur árlega markmið um árangur innkaupa í samræmi við stefnu sveitarfélagsins í innkaupamálum og skilgreinir mælikvarða til að meta árangurinn. Bæjarstjóri fylgir markmiðum eftir, metur hvernig til hefur tekist við að framfylgja stefnunni og sér um að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga, sbr. 8. gr. reglna þessara.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins ber ábyrgð á að innkaupareglur þessar verði uppfærðar þegar þörf krefur.

**V. kafli. Önnur ákvæði**

**18. gr.**

**Hæfis- og siðareglur**

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum, sem og aðrir fulltrúar sveitarfélagsins, skulu gæta að almennum hæfis- og siðareglum er gilda um starfsemi sveitarfélagsins.

Ákvæði 20. gr. bæjarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði samþykktar um stjórn sveitarfélagsins um hæfi gilda um ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt innkaupareglum þessum.

## **19. gr.**

### **Tengdir aðilar**

Almennt eru tengdir aðilar aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fíðrhagslega háðir einstaklingar falla einnig hér undir ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir tengda aðila og ber skrifstofustjóri ábyrgð á að uppfæra skrána. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila skulu vera á sömu forsendum og þegar um óskylda aðila er að ræða, s.s. varðandi einingaverð. Að öðru leyti gilda ákvæði 19. gr. um hæfis- og siðareglur.

## **20. gr.**

### **Trúnaðarskylda**

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum, sem og aðrir fulltrúar sveitarfélagsins, skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna viðskiptahagsmunu sveitarfélagsins og stofnana þess, eða af öðrum ástæðum sem leiða af lögum eða eðli máls.

## **21. gr.**

### **Kærur og kvartanir**

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup getur aðili borið fram kæru í samræmi við XI. kafla laga um opinber innkaup.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamál hjá sveitarfélagini sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kærunefnd útboðsmála, er þeim ætíð heimilt að beina erindi þar um til bæjarstjórnar. Slík kvörtun skal berast skriflega innan fjögurra vikna frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

## **22. gr.**

### **Gildistaka**

Reglur þessar eru settar af sveitarstjórn Hveragerðisbæjar þann 9. janúar 2020 og öðlast þegar gildi og falla þá eldri innkaupareglur frá 14. janúar 2013 úr gildi.

Hveragerði 12. febrúar 2020

  
Aldís Hafsteinsdóttir  
bæjarstjóri

